**Sþ.** **867. Fyrirspurn** [498. mál]

til iðnaðarráðherra um varðveislu upplýsinga og áætlana um nýiðnað og um atvinnunjósnir.

Frá Stefáni Guðmundssyni.

1. Hvernig er háttað umfjöllun af hálfu sjóða og lánastofnana um umsóknir og áætlanir vegna ýmissa nýiðnaðarhugmynda, svo og varðveislu gagna er þeim tengjast?
2. Telur ráðherra að gætt sé nægilegrar varúðar að því er varðar slík gögn svo að komið sé í veg fyrir að upplýsingar berist óviðkomandi, jafnvel samkeppnisaðilum á sömu atvinnusviðum?
3. Telur ráðherra ástæðu til að ætla að svonefndar atvinnunjósnir séu stundaðar á Íslandi? Ef svo er, hvaða ráðstöfunum hyggst ráðherra beita gegn slíku?